

2. gr.

Með mál þau, sem rísa út af brotum á reglugerð þessari, skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 102 27. desember 1973, um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni eða samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnins.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 6. gr. laga nr. 102 27. desember 1973, um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni svo og samkvæmt 1. gr. laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnins, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 29. janúar 1976.

Matthías Bjarnason.

Jón B. Jónasson.

AUGLÝSING

um umferð í Kópavogi.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 23. apríl 1968, og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Kópavogs, er hér með ákveðið, að stöðvunarskylda skuli vera á Urðarbraut gagnvart Borgarholtsbraut, sbr. 4. mgr. 48. gr. sömu laga, en Borgarholtsbraut var gerð aðalbraut með auglýsingu dags. 16. janúar 1974.

Ákvæði auglýsingar þessarar öðlast þegar gildi.

Bæjarfógetinn í Kópavogi, 15. janúar 1976.

e. u.

Leó E. Löve.

REIKNINGUR

**Verðlaunasjóðs dr. phil. Ólafs Daníelssonar og Sigurðar Guðmundssonar
arkitekts, 1. janúar til 31. desember 1973.**

Eignir :

1. Hálf t húsið Hagamelur 21, fasteignamat	kr.	1 803 000.00
2. Sparisjóðsinnstæða í Búnaðarbanka Íslands nr. 28028 og nr. 34320 pr. 31/12/1972	kr.	527 920.46
3. Tekjur umfram gjöld 1973, lagðar í sparisjóðsbækur	—	37 954.11
		<hr/>
		565 874.57

Kr. 2 368 874.57